Breytt skipulag fjölskyldugarða

Tillaga frá fulltrúum Vinnuskólans, Þjónustumiðstöðvar og tómstundafulltrúa

Lagt er til að fækka fjölskyldugörðum sem áður hétu skólagarðar en styrkja starfsemi á þeim stöðum sem áfram verða opnir.

Hætta með garðana í Holtinu, Mosahlíð og á Ásvöllum en aðgengi að sumum görðunum þar er ábótavant og illa hefur gengið að rækta þar grænmeti auk þess er aðsókn lítil að görðunum á Holtinu og Mosahlíð.

Garðarnir á Víðistöðum og við Öldutún verða efldir. Allir bæjarbúar óháð aldri munu geta leigt garð á þessum stöðum.

Gjaldskrá fyrir garð væri 4600 kr. eins og samþykkt gjaldskrá bæjarins segir til um. Innifalið í því verði eru tveir garðar – annar fyrir kartöflur og hinn fyrir grænmeti og fylgir útsæði og grænmeti með. Þeir sem vilja útvega sitt eigið grænmeti borga 3600 kr. fyrir þessa tvo garða

Geir Bjarnason

Bára Kristín Þorgeirsdóttir

Björn B. Hilmarsson

Guðjón steinar Sverrisson

Ragna Rut Magnúsdóttir